

Reglur og viðmið um ráðningu reiðkennara við Háskólann á Hólum

1.gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um nýráðningar og framgang reiðkennara við Háskólann á Hólum (HH).

2.gr. Gildandi lög og reglur um ráðningar og hæfnismat

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, lög um háskóla nr. 63/2006 og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 með áorðnum breytingum gilda um starfsmenn HH. Varðandi kennara, ráðningu þeirra og dómnefnd og störf hennar er vísað sérstaklega í 17. og 18. gr laga nr. 63/2006, 15. og 16. gr. laga nr. 85/2008 og gildandi starfsreglur HH.

3.gr. Ákvörðun um ráðningu

Rektor veitir akademísk störf við háskólann og framgang akademískra starfsmanna. Engan má ráða til þess að gegna stöðu lektors, dósentis eða prófessors án þess að meirihluti dómnefndar hafi talið hann uppfylla lágmarksskilyrði til að gegna viðkomandi starfi. Lágmarksskilyrðin eru skilgreind í 6.gr. reglna þessara sem og í reglum HH um ráðningu og framgang. Rektor getur ráðið reiðkennara í stöðu aðjúnkts við skólann án dómnefndarmats, en skal þó hafa til hliðsjónar viðmið sem tilgreind eru í 7.gr. reglna þessara.

4.gr. Skipan dómnefndar vegna nýráðninga reiðkennara

Þegar fjalla á um ráðningu reiðkennara til þess að gegna starfi lektors, dósentis eða prófessors skal rektor, í samráði við deildarstjóra og formann dómnefndar, tilnefna ráðgjafa til starfa með dómnefnd sem meta skal hæfi umsækjenda.

Um störf dómnefndar gilda að öðru leyti ákvæði reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Hólum.

5.gr. Mat dómnefndar á umsækjendum við nýráðningu

Í samræmi við reglur HH um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna skulu þeir sem hljóta akademískt starf við háskólann hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sviði. Hafi umsækjandi um reiðkennarastöðu lokið meistara- eða doktorsþrófi frá viðurkenndum háskóla skal meðferð umsókna vera í samræmi við áður nefndar reglur HH. Hafi umsækjandi ekki lokið meistaraþrófi skal hafa til hliðsjónar hæfniviðmið sem sett eru fram í 6.gr. reglna þessara.

6.gr. Viðmið um lágmarkskröfur um hæfni þeirra sem gegna lektorstöðu í reiðkennslu við Háskólann á Hólum

- 6.1. Hefur lokið BSc gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu auk allra neðangreindra liða:
- Hefur starfað í 5 ár í reiðkennslu við skólann og kennt á öllum námsárum.
 - Hefur náð færniviðmiði II í reiðmennsku og keppni (sjá nánari reglur í Viðauka 1).
 - Hefur annað hvort lokið 30 viðbótareiningum í kennslufræði við háskóla eða lokið 15 einingum og tekið saman heildstætt kennsluefni viðurkennt af skólanum.
 - Birt a.m.k. 3 fræðilegar greinar í fagtímaritum.
 - Tekið þátt í leiðbeiningu BSc verkefna.
- 6.2. Hefur lokið diplómanámi í reiðmennsku og reiðkennslu auk allra neðangreindra liða:
- Hefur starfað í 8 ár við reiðkennslu við skólann á öllum námsárum eða starfað 5 ár við skólann auk a.m.k. 5 ár í umfangsmikilli kennslu innlands og utan.
 - Hefur náð færniviðmiði II í reiðmennsku og keppni (sjá nánari reglur í Viðauka 1).
 - Hefur annað hvort lokið 30 viðbótareiningum í kennslufræði við háskóla eða lokið 15 einingum og tekið saman heildstætt kennsluefni viðurkennt af skólanum.
 - Birt a.m.k. 3 fræðilegar greinar í fagtímaritum.
 - Hefur tekið þátt í leiðbeiningu BSc verkefna.
- 6.3.** Hefur lokið meistaraþrófi Félags tamningamanna (A-reiðkennari) og sýnt framúrskarandi árangur í keppni og sýningum auk þess að njóta almennrar viðurkenningar á sviði hestamenskunnar.

7.gr. Viðmið um lágmarkskröfur hæfni þeirra sem starfa sem reiðkennarar við Háskólann á Hólum

Rektor getur skipað reiðkennara í stöðu aðjúnkta án hæfnismats dómnefndar. Þó skal hafa til hliðsjónar eftirfarandi hæfniviðmið.

- 7.1. Reiðkennari sem hefur lokið diplómanámi í reiðmennsku og reiðkennslu (C-reiðkennari) auk a.m.k. eins neðangreindra liða getur gegnt stöðu aðjúnkts:
- Hefur starfað í 3 ár við reiðkennslu hjá skólanum.
 - Hefur starfað í 5 ár við reiðkennslu utan skólans.
 - Hefur starfað í 3 ár í reiðkennslu utan skólans og náð færniviðmiði I (sjá nánari reglur) í reiðmennsku og keppni.
- 7.2. Reiðkennari hefur lokið BSc gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu og náð færniviðmiði I í reiðmennsku og keppni getur gegnt stöðu aðjúnkts.
- 7.3. Reiðkennari hefur lokið B-reiðkennarþrófi og hefur a.m.k. 8 ára reynslu af reiðkennslu og hefur náð færniviðmiði II getur gegnt stöðu aðjúnkst.

Viðauki 1: Færniviðmið fyrir mat á hæfi reiðkennara í akademískar stöður við Háskólann á Hólum

1. Færniviðmið I

a. Lágmarksárangur fyrir árangursviðmið I:

- i. Hefur náð meistaraflokkseinkunn (Mfl.) í fjórgangi, fimmgangi og tölti T1 eða T2.
- ii. Hefur náð meistaraflokkseinkunn í gæðingaskeiði eða 16 sek. í 150 m. skeiði eða 24 sek í 250 m. skeiði.
- iii. Hefur sýnt 2 kynbótahross með a.m.k. 8.0 fyrir reiðhestskosti.

2. Færniviðmið II

a. Lágmarksárangur fyrir árangursviðmið II:

- i. Hefur sýnt 5 kynbótahross með a.m.k. 8 fyrir reiðhestskosti.
- ii. Þátttaka í 5 sýningum í gæðingakeppni A og/eða B fl. Sýningarnar hafi átt sér stað á viðurkenndu löglegu móti með 5 dómurum og náð lágmarkseinkunn 8,50 hvert sinn.
- iii. Hefur náð meistaraflokkseinkunn í gæðingaskeiði og 16 sek. í 150 m. skeiði eða 24 sek í 250 m. skeiði.
- iv. Hefur náð á viðurkenndum löglegum mótum með 5 dómurum eftirtöldum árangri í þremur af neðangreindum keppnisgreinum hestaíþróttar:
 1. Tölt-T1 7,5 (Mfl. 6,5)
 2. Tölt-T2 7,0 (Mfl. 6,2)
 3. Fjórgangur 7,0 (Mfl. 6,2)
 4. Fimmgangur 7,0 (Mfl. 6,0)
 5. Gæðingaskeið 7,0 (Mfl. 6,5)